Hagtíðindi
Statistical Series

Sjávarútvegur
Fisheries

2007:2 • 28. febrúar 2007

# Fiskiskipastóllinn í árslok 2006

*The fishing fleet at the end of 2006*

*Samantekt*

**Í lok árs 2006 voru á skrá hjá Siglingastofnun 1.692 fiskiskip og hafði þeim fækkað um 60 frá árinu áður. Fjöldi vélskipa var alls 852 og var samanlögð stærð þeirra 96.866 brúttótonn. Vélskipum fækkaði á milli ára um 10 talsins og að stærð dróst flotinn saman um 187 brúttótonn. Togarar voru 63 talsins og fækkaði um 2 frá árinu á undan. Heildarstærð togaraflotans var 78.248 brúttótonn og hafði minnkað um 2.688 brúttótonn frá árinu 2005. Opnir fiskibátar voru 777 talsins og 3.721 brúttótonn að stærð. Opnum fiskibátum fækkaði um 48 milli ára og heildarstærð þeirra dróst saman um 194 brúttótonn.**

## Inngangur

*Tölurnar eru unnar upp úr skipaskrá Siglingastofnunar*

Fiskiskipastólinn mynda opnir fiskibátar og þilfarsskip. Hér verður annars vegar fjallað um fiskiskipastólinn í heild og hins vegar þilfarsskipastólinn, sem samanstendur af vélskipum og togurum. Ástæða þessa er sú að opnir fiskibátar eru mjög margir en einungis hluti þeirra leggur upp afla og er sá afli lítill hluti af heildarafla íslenskra fiskiskipa.

*Upplýsingar úr skrá Siglingastofnunar eru óháðar réttindum til fiskveiða*

Tölur um fjölda fiskiskipa eru unnar upp úr skipaskrá Siglingastofnunar eins og hún stóð í lok hvers árs, nú síðast í árslok 2006. Ekki er tekið tillit til fiskveiðiréttinda skipa við skráningu þeirra í skipaskrá Siglingastofnunar. Í tölum þessum er því að finna skip án veiðiheimilda í íslenskri lögsögu og einnig skip með veiðiheimildir sem ekki eru nýttar á viðkomandi skipi heldur fluttar á önnur skip.

*Vátryggingarverðmæti virkra fiskiskipa í árslok 2005*

Auk fjöldatalna og ýmissa annara einkenna fiskiskipastólsins eru einnig birtar tölur um vátryggingarverðmæti fiskiskipaflotans við árslok 2005. Vátryggingarverðmætið miðast þó eingöngu við þau fiskiskip sem lögðu upp afla það árið og er því mismunur á milli þeirra talna og upplýsinga sem unnar eru úr skrá Siglingastofnunar eins og hún stóð í lok ársins 2005. Upplýsingar um vátryggingaverðmæti við árslok 2006 lágu ekki fyrir við útgáfu þessa heftis Hagtíðinda.

## Fjöldi fiskiskipa

*Vélskipum og togurum fækkar*

Fiskiskipastóll Íslendinga við árslok 2006 taldi alls 1.692 skip. Þar af voru þilfarsskip þ.e.a.s. vélskip og togarar 915 talsins, vélskip 852 og togarar 63. Á heildina litið fækkaði fiskiskipum um 60 frá árinu 2005 og eru flest þeirra opnir fiskibátar. Í árslok 2006 voru opnir bátar 777 talsins og hafði fækkað um 48 frá fyrra ári. Vélskipum fækkaði um 10 og togurum um 2.

Hagstofa Íslands

**Mynd 1. Þilfarsskipastóllinn 1993–2006**
*Figure 1. Decked vessels and trawlers 1993–2006*




**Mynd 2. Fiskiskipastóllinn eftir landshlutum 2006**
*Figure 2. The fishing fleet by region 2006*




## Fjöldi fiskiskipa eftir landsvæðum og stöðum

*Eftir landssvæðum voru flest fiskiskip með heimahöfn á Vestfjörðum*

Á Vestfjörðum voru flest fiskiskip með skráða heimahöfn í árslok 2006 eða 302 skip sem er um 17,8% fiskiskipastólsins. Næst flest, eða 282 talsins voru með heimahöfn skráða á Vesturlandi eða 16,7%. Fæst skip voru með skráða heimahöfn á Suðurlandi, 99 talsins sem samsvarar um 5,9% af heildarfjölda fiskiskipa. Opnir bátar voru flestir á Vesturlandi eða 144 talsins og á Vestfjörðum voru þeir 142. Fæstir bátar þessarar tegundar voru með heimahöfn á Suðurlandi eða 25 talsins. Vélskip voru flest á Vestfjörðum eða 153 en fæst á Norðurlandi vestra, 56 talsins. Flestir togarar voru með heimahöfn skráða á Norðurlandi eystra eða 16 talsins, en 12 togarar voru skráðir á höfuðborgarsvæðinu.

*Eftir höfnum voru flest fiskiskip með heimahöfn í Reykjavík*

Af einstökum höfnum er Reykjavík heimahöfn flestra fiskiskipa eða 93 talsins. Þar á eftir kom Hafnarfjörður með 71 skip skráð. Í Reykjavík voru einnig flestir opnir fiskibátar með heimahöfn, alls 39, en 36 bátar áttu heimahöfn í Hafnarfirði. Flest vélskip áttu heimahöfn í Grindavík eða 57 skip, 46 voru skráð með heimahöfn í Reykjavík og 42 í Vestmannaeyjum. Á Akureyri voru 9 togarar skráðir með heimahöfn og 8 í Reykjavík.

## Stærð fiskiskipastólsins

*Fiskiskipastóllinn minnkar*

Stærð fiskiskipastólsins í heild dróst saman frá árslokum 2005 til ársloka 2006. Þilfarsskipastóllinn var rúmlega 175.100 brúttótonn, þar af var heildarstærð vélskipaflotans tæplega 96.900 brúttótonn og togara rúm 78.200 brúttótonn. Opnir fiskibátar voru rétt rúm 3.700 brúttótonn.

**Mynd 3. Stærð fiskiskipastólsins í brúttótonnum 2006 eftir gerð fiskiskipa**
*Figure 3. Size of the fishing fleet in gross tonnages 2006 by type of vessel*




**Mynd 4. Þilfarsskipastóllinn 1998–2006. Stærð í brúttótonnum**
*Figure 4. Decked vessels and trawlers 1998–2006. Size in GT*



Þegar stærðir eru bornar saman milli ára sést að í heild hefur stærð fiskiskipaflotans dregist saman um 2.695 brúttótonn eða 1,5%. Heildarstærð vélskipa jókst lítillega eða um 187 brúttótonn eða 0,2%, heildarstærð togara dróst saman um 2.688 brúttótonn eða 3,3% og opinna fiskibáta um 194 brúttótonn eða 5%.

## Afl aðalvéla

*Vélarafl fiskiskipastólsins minnkar*

Afl aðalvéla fiskiskipaflotans, mælt í kílóvöttum (kW) var rúm 519.500 kW og jókst lítillega milli ára eða um rúm 5.200 kW. Aðalvélar vélskipa voru rúmlega 317.500 kW, togaraflotans 132.200 kW og opinna fiskibáta tæp 69.800 kW. Vélarafl þilfarsskipaflotans jókst um 2% milli áranna 2005 og 2006.

**Mynd 5. Þilfarsskipastóllinn 1993–2006. Afl aðalvéla**
*Figure 5. Decked vessels and trawlers 1993–2006. Power of main engine*




## Aldur fiskiskipa

*Meðalaldur flotans 22,3 ár*

Meðalaldur íslenska fiskiskipastólsins var 22,3 ár í árslok 2006. Meðalaldur vélskipa var 20,4 ár, togaraflotans 25 ár og opinna fiskibáta 21,5 ár. Meðalsmíðaár þilfarsskipaflotans var 1985, en miðtala aldurs hans gefur smíðaárið 1987.

**Mynd 6. Þilfarsskipastóllinn 1993–2006. Miðtala aldurs og meðalaldur**
*Figure 6. Decked vessels and trawlers 1993–2006. Median- and average age*




## Vátryggingarverðmæti fiskiskipa í árslok 2005

*Vátryggingarverðmæti í árslok 2005 67,5 milljarðar*

Vátryggingarverðmæti virka fiskiskipaflotans í árslok 2005 nam 67,5 milljörðum króna. Þar af var vátryggingaverðmæti vélskipaflotans rúmir 38 milljarðar, togaraflotans 25 milljarðar og opinna báta tæpir 4 milljarðar. Við árslok 2005 voru virk fiskiskip 1.256 talsins. Fjöldi vélskipa var 705, togarar voru 65 talsins og opnir fiskibátar sem lögðu upp afla voru 486 talsins.

## English Summary

At the end of the year 2006 the total number of fishing vessels, registered at the Icelandic Maritime Administration, was 1,692. The number decreased by 60 vessels from the end of 2005. The number of decked vessels was 852 and their combined size was 96,866 GT. The number of decked vessels had decreased by 10 and their size by 187 GT. The number of trawlers was 63 at the end of 2006 and their total size amounted to 78,248 GT. The number of trawlers decreased by 2 and their combined size by 2,688 GT. The number of registered undecked vessels was 777 in 2006 and the size was 3,721 GT. Undecked vessels decreased by 48 in number from 2005 and their total size decreased by 194 GT.

**Tafla 1. Fiskiskipastóllinn í árslok 2005 og 2006**
*Table 1. The fishing fleet at the end of 2005 and 2006*

| | Fjöldi[1] *Number*[1] | | Brúttótonn (bt) *Gross tonnage (GT)* | |
|---|---|---|---|---|
| | 2005 | 2006 | 2005 | 2006 |
| **Samtals** ***Total*** | **1.752** | **1.692** | **181.530** | **178.835** |
| Vélskip *Decked vessels* | 862 | 852 | 96.679 | 96.866 |
| Togarar *Trawlers* | 65 | 63 | 80.936 | 78.248 |
| Opnir fiskibátar *Undecked vessels* | 825 | 777 | 3.915 | 3.721 |
| | | | | |
| **Vélskip** ***Decked vessels*** | | | | |
| **Stærð í brúttótonnum** ***Size in gross tonnage*** | **862** | **852** | **96.679** | **96.866** |
| <100 | 683 | 680 | 11.161 | 11.256 |
| 100–499 | 138 | 130 | 35.552 | 33.583 |
| 500–999 | 15 | 16 | 10.252 | 11.018 |
| 1.000–1.499 | 17 | 16 | 20.951 | 19.551 |
| 1.500–4.999 | 9 | 10 | 18.764 | 21.458 |
| | | | | |
| **Aldur** ***Age*** | **862** | **852** | **96.679** | **96.866** |
| 0–4 | 116 | 99 | 10.557 | 1.215 |
| 5–9 | 126 | 154 | 6.798 | 17.947 |
| 10–19 | 277 | 251 | 19.881 | 19.344 |
| 20–29 | 110 | 118 | 11.483 | 10.430 |
| 30–39 | 138 | 130 | 26.806 | 23.500 |
| 40 + | 95 | 100 | 21.155 | 24.430 |
| | | | | |
| **Togarar** ***Trawlers*** | | | | |
| **Stærð í brúttótonnum** ***Size in gross tonnage*** | **65** | **63** | **80.936** | **78.248** |
| 100–499 | 3 | 2 | 1.224 | 752 |
| 500–999 | 29 | 29 | 21.357 | 21.137 |
| 1.000–1.499 | 20 | 19 | 25.085 | 23.637 |
| 1.500–4.999 | 12 | 12 | 25.588 | 25.041 |
| >5.000 | 1 | 1 | 7.682 | 7.682 |
| | | | | |
| **Aldur** ***Age*** | **65** | **63** | **80.936** | **78.248** |
| 0–4 | 1 | 0 | 1.448 | 0 |
| 5–9 | 4 | 3 | 9.841 | 7.702 |
| 10–19 | 18 | 18 | 31.781 | 30.449 |
| 20–29 | 18 | 16 | 14.622 | 15.261 |
| 30–39 | 24 | 26 | 23.243 | 24.835 |
| | | | | |
| **Opnir fiskibátar** ***Undecked vessels*** | | | | |
| **Stærð í brúttótonnum** ***Size in gross tonnage*** | **825** | **777** | **3.915** | **3.721** |
| 0–2,99 | 98 | 85 | 253 | 219 |
| 3–4,99 | 427 | 402 | 1.811 | 1.703 |
| 5–6,99 | 251 | 241 | 1.431 | 1.376 |
| 7–8,99 | 26 | 26 | 196 | 199 |
| 9–10,99 | 21 | 21 | 201 | 201 |
| 11 og þyngri *and more* | 2 | 2 | 23 | 23 |
| | | | | |
| **Aldur** ***Age*** | **825** | **777** | **3.915** | **3.721** |
| 0–4 | 20 | 27 | 72 | 95 |
| 5–9 | 33 | 27 | 184 | 150 |
| 10–14 | 72 | 65 | 395 | 368 |
| 15–19 | 234 | 197 | 1.282 | 1.102 |
| 20+ | 466 | 461 | 1.982 | 2.007 |

[1] Að auki eru á skrá fjögur hvalveiðiskip. *In addition there are four whalers registered.*

**Heimild** *Source*: Siglingastofnun Íslands. *The Icelandic Maritime Administration.*

**Tafla 2. Fiskiskipastóllinn eftir staðsetningu heimahafnar í árslok 2006**
*Table 2. The fishing fleet by region of home port at the end of 2006*

| Brúttótonn (bt.) *Gross tonnage (GT)* | Samtals *Total* | Opnir fiskibátar *Undecked vessels* | Alls *Total* | 0–10 | 11–25 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi skipa alls** | | | | | |
| ***Total number of vessels*** | **1.692** | **777** | **852** | **355** | **223** |
| Höfuðborgarsvæði[1] *Capital region*[1] | 189 | 90 | 87 | 34 | 26 |
| Suðurnes *Southwest* | 219 | 76 | 136 | 46 | 41 |
| Vesturland *West* | 282 | 144 | 133 | 44 | 39 |
| Vestfirðir *Westfjords* | 302 | 142 | 153 | 77 | 44 |
| Norðurland vestra *Northwest* | 107 | 46 | 56 | 27 | 13 |
| Norðurland eystra *Northeast* | 273 | 133 | 124 | 67 | 26 |
| Austurland *East* | 221 | 121 | 93 | 50 | 20 |
| Suðurland *South* | 99 | 25 | 70 | 10 | 14 |
| **Brúttótonn alls** | | | | | |
| ***GT Total*** | **178.835** | **3.721** | **96.866** | **2.419** | **3.660** |
| Höfuðborgarsvæði[1] *Capital region*[1] | 32.502 | 421 | 6.902 | 208 | 398 |
| Suðurnes *Southwest* | 17.767 | 383 | 11.033 | 341 | 672 |
| Vesturland *West* | 20.517 | 688 | 14.855 | 298 | 654 |
| Vestfirðir *Westfjords* | 13.737 | 642 | 7.481 | 498 | 734 |
| Norðurland vestra *Northwest* | 8.282 | 229 | 1.956 | 187 | 219 |
| Norðurland eystra *Northeast* | 37.114 | 650 | 16.080 | 462 | 439 |
| Austurland *East* | 24.804 | 584 | 18.306 | 354 | 306 |
| Suðurland *South* | 24.113 | 125 | 20.253 | 71 | 238 |
| **Afl aðalvéla, kW, alls** | | | | | |
| ***Total power of main engine, kW*** | **519.532** | **69.808** | **317.512** | **56.739** | **44.552** |
| Höfuðborgarsvæði[1] *Capital region*[1] | 43.003 | 7.676 | 26.758 | 4.552 | 4.216 |
| Suðurnes *Southwest* | 54.191 | 6.890 | 41.539 | 7.869 | 9.501 |
| Vesturland *West* | 78.025 | 13.812 | 48.606 | 6.625 | 7.849 |
| Vestfirðir *Westfjords* | 57.639 | 13.672 | 37.486 | 13.110 | 9.435 |
| Norðurland vestra *Northwest* | 20.418 | 4.154 | 13.138 | 4.457 | 2.595 |
| Norðurland eystra *Northeast* | 92.461 | 10.932 | 49.393 | 10.573 | 4.888 |
| Austurland *East* | 104.680 | 10.409 | 53.332 | 7.678 | 3.684 |
| Suðurland *South* | 69.115 | 2.263 | 47.260 | 1.875 | 2.384 |
| **Meðalaldur** | | | | | |
| ***Average age*** | **22,3** | **21,5** | **20,4** | **13,5** | **16,5** |
| Höfuðborgarsvæði[1] *Capital region*[1] | 21,7 | 22,8 | 21,9 | 13,2 | 21,2 |
| Suðurnes *Southwest* | 22,2 | 21,9 | 21,2 | 14,3 | 11,6 |
| Vesturland *West* | 22,1 | 21,5 | 19,9 | 13,9 | 13,4 |
| Vestfirðir *Westfjords* | 22,7 | 20,0 | 18,9 | 13,0 | 16,8 |
| Norðurland vestra *Northwest* | 21,5 | 20,9 | 20,4 | 11,7 | 18,8 |
| Norðurland eystra *Northeast* | 21,9 | 22,1 | 18,1 | 13,3 | 20,0 |
| Austurland *East* | 22,4 | 21,1 | 18,9 | 14,8 | 15,4 |
| Suðurland *South* | 27,3 | 24,7 | 27,3 | 12,4 | 21,9 |

[1] Til viðbótar eru fjögur hvalveiðiskip á höfuðborgarsvæðinu. *In addition there are four whalers in the Capital region.*

**Heimild** *Source*: Siglingastofnun Íslands. *The Icelandic Maritime Administration.*

| Vélskip *Decked vessels* | | | | | Togarar *Trawlers* | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | Alls | | |
| 26–100 | 101–300 | 301–500 | 501–1.000 | 1.001– | *Total* | 0–1.000 | 1.001– |
| | | | | | | | |
| **102** | **89** | **41** | **16** | **26** | **63** | **31** | **32** |
| 12 | 10 | 2 | 2 | 1 | 12 | 3 | 9 |
| 24 | 13 | 7 | 4 | 1 | 7 | 3 | 4 |
| 14 | 24 | 8 | 1 | 3 | 5 | 3 | 2 |
| 15 | 9 | 6 | 2 | – | 7 | 5 | 2 |
| 12 | 3 | 1 | – | – | 5 | 2 | 3 |
| 14 | 5 | 4 | 2 | 6 | 16 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 5 | – | 9 | 7 | 5 | 2 |
| 9 | 18 | 8 | 5 | 6 | 4 | 3 | 1 |
| | | | | | | | |
| **5.177** | **18.266** | **15.316** | **11.018** | **41.009** | **78.248** | **21.889** | **56.359** |
| 518 | 2.006 | 646 | 1.715 | 1.411 | 25.179 | 2.039 | 23.140 |
| 1.305 | 2.578 | 2.762 | 2.345 | 1.029 | 6.351 | 1.916 | 4.436 |
| 784 | 4.656 | 3.030 | 688 | 4.744 | 4.973 | 1.983 | 2.991 |
| 711 | 2.035 | 2.204 | 1.300 | – | 5.614 | 3.113 | 2.501 |
| 652 | 565 | 334 | – | – | 6.096 | 1.529 | 4.567 |
| 654 | 974 | 1.507 | 1.273 | 10.770 | 20.384 | 5.394 | 14.990 |
| 91 | 1.430 | 1.861 | – | 14.263 | 5.914 | 3.644 | 2.270 |
| 464 | 4.022 | 2.972 | 3.696 | 8.791 | 3.735 | 2.271 | 1.464 |
| | | | | | | | |
| **29.191** | **46.840** | **29.793** | **21.561** | **88.836** | **132.212** | **43.376** | **88.836** |
| 3.165 | 5.428 | 1.582 | 3.675 | 4.140 | 8.569 | 4.429 | 4.140 |
| 7.159 | 6.563 | 5.101 | 2.706 | 2.640 | 5.762 | 3.122 | 2.640 |
| 4.115 | 12.141 | 6.069 | 735 | 11.072 | 15.607 | 4.535 | 11.072 |
| 4.149 | 4.847 | 3.870 | 2.075 | – | 6.481 | 6.481 | – |
| 3.808 | 1.594 | 684 | – | – | 3.126 | 3.126 | – |
| 4.018 | 2.685 | 2.800 | 2.605 | 21.824 | 32.136 | 10.312 | 21.824 |
| 444 | 3.862 | 3.986 | – | 33.678 | 40.939 | 7.261 | 33.678 |
| 2.333 | 9.720 | 5.701 | 9.765 | 15.482 | 19.592 | 4.110 | 15.482 |
| | | | | | | | |
| **33,8** | **33,0** | **34,7** | **29,1** | **22,8** | **25,0** | **26,9** | **17,9** |
| 33,1 | 33,5 | 44,0 | 33,0 | 19,0 | 20,4 | 14,5 | 15,1 |
| 39,8 | 28,8 | 38,6 | 33,8 | 15,0 | 23,6 | 25,3 | 20,5 |
| 25,7 | 31,8 | 37,0 | 14,0 | 31,5 | 24,8 | 29,3 | 18,0 |
| 35,5 | 36,2 | 39,2 | 27,0 | – | 29,3 | 31,3 | 25,5 |
| 34,7 | 41,7 | 40,0 | – | – | 23,2 | 32,0 | 18,0 |
| 28,7 | 33,2 | 31,5 | 27,5 | 13,7 | 25,4 | 24,4 | 20,1 |
| 30,0 | 34,6 | 26,2 | – | 28,2 | 27,3 | 30,6 | 19,0 |
| 36,1 | 33,7 | 29,6 | 28,4 | 24,0 | 30,0 | 29,0 | 33,0 |

**Tafla 3. Fiskiskipastóllinn eftir stærðarflokkum og heimahöfn í árslok 2006**
*Table 3. The fishing fleet by size categories and home port at the end of 2006*

| Brúttótonn (bt.) *Gross tonnage (GT)* | Samtals *Total* | Opnir fiskibátar *Undecked vessels* | Alls *Total* | 0–10 | 11–25 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi** ***Number*** | | | | | |
| **Allar hafnir** ***All home ports*** | **1.692** | **777** | **852** | **355** | **223** |
| **Höfuðborgarsvæði** ***Capital region*** | **189** | **90** | **87** | **34** | **26** |
| Reykjavík[1] | 93 | 39 | 46 | 16 | 14 |
| Seltjarnarnes | 1 | 1 | – | – | – |
| Kópavogur | 20 | 10 | 10 | 2 | 4 |
| Garðabær | 4 | 4 | – | – | – |
| Hafnarfjörður | 71 | 36 | 31 | 16 | 8 |
| **Suðurnes** ***Southwest*** | **219** | **76** | **136** | **46** | **41** |
| Grindavík | 73 | 13 | 57 | 14 | 18 |
| Sandgerði | 34 | 18 | 16 | 16 | – |
| Garður | 32 | 12 | 17 | 4 | 4 |
| Keflavík | 50 | 20 | 29 | 8 | 14 |
| Njarðvík | 4 | 1 | 3 | 2 | 1 |
| Vogar | 14 | 9 | 5 | 2 | 0 |
| Aðrar hafnir *Other ports* | 3 | 3 | – | – | – |
| **Vesturland** ***West*** | **282** | **144** | **133** | **44** | **39** |
| Akranes | 58 | 31 | 23 | 8 | 11 |
| Borgarnes | 6 | 5 | 1 | 1 | – |
| Arnarstapi | 12 | 8 | 4 | 1 | 3 |
| Hellissandur | 7 | – | 7 | 1 | 2 |
| Rif | 28 | 10 | 18 | 4 | 3 |
| Ólafsvík | 62 | 26 | 36 | 14 | 10 |
| Grundarfjörður | 39 | 15 | 23 | 4 | 6 |
| Stykkishólmur | 53 | 36 | 17 | 9 | 2 |
| Aðrar hafnir *Other ports* | 17 | 13 | 4 | 2 | 2 |
| **Vestfirðir** ***Westfjords*** | **302** | **142** | **153** | **77** | **44** |
| Reykhólar | 6 | 4 | 2 | 1 | 1 |
| Barðaströnd | 5 | 4 | 1 | 1 | – |
| Brjánslækur | 7 | 4 | 3 | 2 | 1 |
| Patreksfjörður | 32 | 14 | 17 | 6 | 6 |
| Tálknafjörður | 24 | 12 | 12 | 6 | 2 |
| Bíldudalur | 18 | 7 | 10 | 2 | 6 |
| Þingeyri | 14 | 6 | 8 | 6 | – |
| Flateyri | 12 | 3 | 9 | 4 | 3 |
| Suðureyri | 21 | 8 | 13 | 8 | 5 |
| Bolungarvík | 41 | 17 | 24 | 11 | 8 |
| Hnífsdalur | 2 | 0 | 1 | 1 | – |
| Ísafjörður | 30 | 10 | 16 | 6 | 3 |
| Súðavík | 26 | 13 | 13 | 7 | 2 |
| Drangsnes | 20 | 11 | 9 | 7 | 1 |
| Hólmavík | 13 | 3 | 10 | 6 | 4 |
| Aðrar hafnir *Other ports* | 31 | 26 | 5 | 3 | 2 |

| Vélskip *Decked vessels* | | | | | Togarar *Trawlers* | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 26–100 | 101–300 | 301–500 | 501–1.000 | 1.001– | Alls *Total* | 0–1.000 | 1.001– |
| **102** | **89** | **41** | **16** | **26** | **63** | **31** | **32** |
| **12** | **10** | **2** | **2** | **1** | **12** | **3** | **9** |
| 7 | 7 | 1 | – | 1 | 8 | 2 | 6 |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| 4 | – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| 1 | 3 | 1 | 2 | – | 4 | 1 | 3 |
| **24** | **13** | **7** | **4** | **1** | **7** | **3** | **4** |
| 12 | 5 | 5 | 3 | – | 3 | – | 3 |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| 6 | 3 | – | – | – | 3 | 2 | 1 |
| 3 | 2 | 1 | – | 1 | 1 | 1 | – |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| 1 | – | 1 | 1 | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| **14** | **24** | **8** | **1** | **3** | **5** | **3** | **2** |
| 1 | – | – | – | 3 | 4 | 2 | 2 |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| 2 | 2 | – | – | – | – | – | – |
| 3 | 3 | 4 | 1 | – | – | – | – |
| 3 | 8 | 1 | – | – | – | – | – |
| 3 | 8 | 2 | – | – | 1 | 1 | – |
| 2 | 3 | 1 | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| **15** | **9** | **6** | **2** | **–** | **7** | **5** | **2** |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| 3 | 1 | 1 | – | – | 1 | 1 | – |
| 1 | 2 | 1 | – | – | – | – | – |
| 2 | – | – | – | – | 1 | 1 | – |
| 1 | – | – | 1 | – | – | – | – |
| – | 2 | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| 1 | 3 | 1 | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | 1 | 1 | – |
| 4 | 1 | 2 | – | – | 4 | 2 | 2 |
| 2 | – | 1 | 1 | – | – | – | – |
| 1 | – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – | – |

Tafla 3. Fiskiskipastóllinn eftir stærðarflokkum og heimahöfn í árslok 2006 (frh.)
*Table 3. The fishing fleet by size categories and home port at the end of 2006 (cont.)*

| Brúttótonn (bt.)<br>*Gross tonnage (GT)* | Samtals<br>*Total* | Opnir fiskibátar<br>*Undecked vessels* | Alls *Total* | 0–10 | 11–25 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Norðurland vestra *Northwest*** | **107** | **46** | **56** | **27** | **13** |
| Hvammstangi | 11 | 3 | 8 | – | 2 |
| Blönduós | 5 | 1 | 4 | – | 1 |
| Skagaströnd | 16 | 3 | 11 | 6 | 3 |
| Sauðárkrókur | 24 | 16 | 6 | 5 | – |
| Hofsós | 14 | 7 | 7 | 4 | 2 |
| Haganesvík | 5 | 3 | 2 | 2 | – |
| Siglufjörður | 28 | 11 | 16 | 8 | 5 |
| Aðrar hafnir *Other ports* | 4 | 2 | 2 | 2 | – |
| **Norðurland eystra *Northeast*** | **273** | **133** | **124** | **67** | **26** |
| Grímsey | 32 | 14 | 18 | 12 | 3 |
| Ólafsfjörður | 25 | 16 | 6 | 5 | – |
| Dalvík | 26 | 11 | 13 | 6 | 2 |
| Hrísey | 17 | 11 | 5 | 4 | – |
| Hauganes | 6 | 4 | 2 | 1 | – |
| Árskógssandur | 8 | 1 | 7 | 4 | 2 |
| Akureyri | 48 | 28 | 11 | 5 | 3 |
| Grenivík | 13 | 4 | 9 | 3 | 1 |
| Húsavík | 46 | 21 | 24 | 11 | 8 |
| Kópasker | 10 | 5 | 5 | 2 | 1 |
| Raufarhöfn | 20 | 8 | 12 | 8 | 4 |
| Þórshöfn | 18 | 6 | 12 | 6 | 2 |
| Aðrar hafnir *Other ports* | 4 | 4 | – | – | – |
| **Austurland *East*** | **221** | **121** | **93** | **50** | **20** |
| Bakkafjörður | 13 | 7 | 6 | 3 | 3 |
| Vopnafjörður | 16 | 11 | 4 | 2 | 1 |
| Borgarfjörður eystri | 17 | 10 | 7 | 5 | 2 |
| Seyðisfjörður | 19 | 12 | 6 | 4 | 2 |
| Mjóifjörður | 5 | 3 | 2 | 1 | 1 |
| Neskaupstaður | 32 | 16 | 14 | 9 | 3 |
| Eskifjörður | 18 | 8 | 9 | 4 | 1 |
| Reyðarfjörður | 7 | 6 | 1 | 1 | – |
| Fáskrúðsfjörður | 16 | 11 | 4 | 2 | – |
| Stöðvarfjörður | 10 | 3 | 7 | 3 | 3 |
| Breiðdalsvík | 5 | 1 | 4 | 3 | 1 |
| Djúpivogur | 23 | 16 | 6 | 4 | 2 |
| Hornafjörður | 40 | 17 | 23 | 9 | 1 |
| **Suðurland *South*** | **99** | **25** | **70** | **10** | **14** |
| Vík | 3 | 1 | 2 | 1 | 1 |
| Stokkseyri | 2 | – | 2 | – | – |
| Eyrarbakki | 3 | – | 3 | – | 2 |
| Þorlákshöfn | 23 | 3 | 20 | 2 | 3 |
| Vestmannaeyjar | 66 | 20 | 42 | 7 | 7 |
| Aðrar hafnir *Other ports* | 2 | 1 | 1 | – | 1 |

[1] Að auki eru fjögur hvalveiðiskip í Reykjavik. *In additon there are four whalers in Reykjavík.*

**Heimild** *Source*: Siglingastofnun Íslands. *The Icelandic Maritime Administration.*

| Vélskip *Decked vessels* | | | | | Togarar *Trawlers* | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 26–100 | 101–300 | 301–500 | 501–1.000 | 1.001– | Alls *Total* | 0–1.000 | 1.001– |
| **12** | **3** | **1** | **–** | **–** | **5** | **2** | **3** |
| 5 | 1 | – | – | – | – | – | – |
| 1 | 2 | – | – | – | – | – | – |
| 2 | – | – | – | – | 2 | – | 2 |
| – | – | 1 | – | – | 2 | 1 | 1 |
| 1 | – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| 3 | – | – | – | – | 1 | 1 | – |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| | | | | | | | |
| **14** | **5** | **4** | **2** | **6** | **16** | **7** | **9** |
| 3 | – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | 1 | 3 | 1 | 2 |
| 4 | 1 | – | – | – | 2 | 1 | 1 |
| 1 | – | – | – | – | 1 | 1 | – |
| 1 | – | – | – | – | – | – | – |
| 1 | – | – | – | – | – | – | – |
| 1 | – | – | 1 | 1 | 9 | 3 | 6 |
| – | – | 2 | 1 | 2 | – | – | – |
| 2 | 2 | 1 | – | – | 1 | 1 | – |
| 1 | 1 | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| – | 1 | 1 | – | 2 | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| | | | | | | | |
| **2** | **7** | **5** | **0** | **9** | **7** | **5** | **2** |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | 1 | 1 | 1 | – |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | 1 | 1 | – |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | 2 | 2 | 1 | 1 |
| – | – | 1 | – | 3 | 1 | – | 1 |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| – | 1 | – | – | 1 | 1 | 1 | – |
| 1 | – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | 1 | 1 | – |
| 1 | 6 | 4 | – | 2 | – | – | – |
| | | | | | | | |
| **9** | **18** | **8** | **5** | **6** | **4** | **3** | **1** |
| – | – | – | – | – | – | – | – |
| – | 2 | – | – | – | – | – | – |
| – | 1 | – | – | – | – | – | – |
| 5 | 8 | 2 | – | – | – | – | – |
| 4 | 7 | 6 | 5 | 6 | 4 | 3 | 1 |
| – | – | – | – | – | – | – | – |

**Tafla 4. Vátryggingaverðmæti virkra fiskiskipa í árslok 2005[1]**

*Table 4. The insurance value of the fishing fleet at the end of 2005[1]*

| | Samtals *Total* | Vélskip *Decked vessels* | Togarar *Trawlers* | Opnir fiskibátar *Undecked vessels* |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi *Number* | 1.256 | 705 | 65 | 486 |
| Brúttótonn (bt) *Gross tonnage (GT)* | 176.177 | 90.689 | 83.066 | 2.422 |
| Afl aðalvéla (kW) *Total power of main engine (kW)* | 466.905 | 277.708 | 138.327 | 50.870 |
| Vátryggingaverðmæti (m. kr.) *Insurance value (Mill. ISK)* | 67.507 | 38.461 | 25.243 | 3.803 |

1 Skip sem lögðu upp afla árið 2005. *Vessels with registered landings in 2005.*

**Heimild *Source*:** Siglingastofnun Íslands; Vigtarskýrslur; Hagstofa Íslands. *The Icelandic Maritime Administration; Weight reports; Statistics Iceland.*

Hagtíðindi
Statistical Series

Sjávarútvegur
*Fisheries*

92. árgangur nr. 13
2007:2

ISSN 0019-1078
ISSN 1670-4533 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4541 (pdf)
Verð ISK 500 *Price EUR 7*
Umsjón *Supervision* Jóhannes Siggeirsson • johannes.siggeirsson @hagstofa.is
Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*